

Jónas Þór Gunnarsson
Kennitala: 260101-2420
Hegranes 9
210, Garðabær
Sími: +354 8418086
Netfang: jthgunnarssongmail.com

Komiði sæl,

Ég sækist hér með eftir sumarstarfi hjá Héðinn.

Héðinn er ein af stærstu og flottustu iðnaðarfyrirtækjum landsins og því augljóst að ungur verkfræðinemi eins og ég vilji fá tækifæri hjá ykkur. Ég kynntist sjálfur Héðinn fyrst í vísindaferð í gegnum háskólann en hafði áður heyrt af fyrirtækinu. Þegar ég kom í heimsókn talaði ég mikið við Óskar Kúld Pétursson enda er ég með mikinn áhuga á tölvuteikningu og hönnun.

Ég er uppalinn í Garðabæ og er að ljúka BSc gráðu í vélaverkfræði við Háskóla Íslands í vor 2023. Ég er mjög áhugasamur um námið og endurspegla einkunnir mínar það þar sem meðaleinkunn mín fellur undir fyrstu einkunn. Eftir BSc gráðuna ætla ég að taka mér pásu frá námi í eitt ár þar sem mig langar að kynna mér möguleika á vinnumarkaðinum. Ég get því unnið fullt starf í vetur hjá ykkur ef þið bjóðið upp á þann möguleika. Annars stefni ég á að fara í meistaranám í engineering design haustið 2024. Ég er fljótur að læra, skipulagður og metnaðarfullur einstaklingur sem hefur gaman af áskorunum. Mér finnst gaman að vinna í teymi og ég veit að hjá Héðinn starfar mikið af flottu og reyndu fagfólki sem ég get lært mikið af. Ég tel mig hafa fullt að færa og væri Héðinn að fjárfesta í góðum starfskrafti.

Ég þakka ykkur kærlega fyrir að hafa lesið yfir umsóknina mína og hlakka mikið til að heyra í ykkur.

Bestu kveðjur,